



Alþingi
Erindi nr. P 130/2003
komudagur 21.4.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Elínar V. Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. apríl 2004

Sam 156/2004 ÞS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til raforkulaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. apríl var lagt fram bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til raforkulaga, 740. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til raforkulaga



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, 740. mál.

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, 740. mál 130. löggjafarþings.

Ákvæði frumvarpsins fela í sér nánari tillögur en nú eru í raforkulögum um fyrirkomulag á flutningi raforku. Framlagningu frumvarpsins tengjast önnur þingmál, s.s. frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál, sem sambandið hefur einnig gefið umsögn um.

Stjórn sambandsins leggst ekki gegn samþykkt frumvarpsins en telur þó tilefni til að benda á að nokkrum erfiðleikum virðist háð að meta áhrif þess á raforkuverð í landinu. Margir þættir geta haft áhrif á breytingar á raforkuverði við gildistöku þeirra reglna sem í frumvarpinu felast. Sumar dreifiveitur hafa veitt nokkurn afslátt á rafmagni til húshitunar, auk þess sem gjaldskrár hafa almennt verið lægri vegna þess notkunarflokks en á rafmagni til almennra nota. Breytingar á þessu munu væntanlega hafa nokkur áhrif. Þá mun mat á verðmæti flutningsvirkja, sbr. m.a. c-lið 11. gr. frumvarpsins, hafa umtalsverða þýðingu, sem og sú arðsemiskrafa sem í framhaldinu verður lögð til grundvallar í rekstri flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. apríl 2004.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri